

Nr. 19-018 S 014 Elli P SU 206***Bilað stýri og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2673
Smíðaður: Mótun, 2006, trefjaplast
Útgerð: Gullrún ehf.
Stærð: 11,96 brl. 14,91 bt.
Mesta lengd: 12,69 m Skráð lengd: 11,37 m
Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,51 m
Vél: Cummins, 302,4 kw, 2006.
Fjöldi skipverja: 3



Elli P © Sverrir Aðalsteinnsson

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. febrúar 2019 var Elli P SU 206 á línuveiðum níu sjómílu suður af Stokknesi. Veður: N 3 m/s.

Á veiðunum fór vökvakerfið fyrir stýrisvélina að leka þannig að báturinn missti stjórnhæfni. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Ingibjörg dró bátinn til hafnar á Hornafirði.

Við rannsókn kom fram:

- að lekinn á vökvakerfinu var við vökvatengi við stýristjakkinn sem var staðsettur ofan á flotkassanum;
- að skipverjar voru búnir að vera varir við olíu í kring um bátinn og höfðu nýlega bætt 30 lítrum af glussa á kerfið án þessa að finna lekann;
- að vökvakerfið var tengt við stýrisvélina, línuspilið, beitningarvélina, uppstokkarann og hliðarskrúfuna;
- að ekkert neyðarstýri var í bátinum en hann var útbúinn með flöpsum sem búið var að festa;
- að eftir atvikið var útbúinn armur ofan á stýrisblaðið til að nota sem neyðarstýri;
- að báturinn var með þjónustusamning við vélsmiðju á Breiðdalsvík um viðhald á vélbúnaði og undanþeginn því að hafa vélavörð um borð.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar var leki á vökvatengi.